



Ertu á lausu?

Það vantar mann í Heilsutríóið á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga á Húsavík frá hausti komandi. Viðkomandi verður að vera læknir og vilja vinna sem slíkur á staðnum. Hljóðfærakunnátta ekki mjög nauðsynleg! Auk þess lýsum við eftir deildarlækni á Sjúkrahúsið á Húsavík í eitt ár frá 1. september nk. Innifaldar í stöðunni eru vaktir á heilsugæslu. Áhugasamir eða forvitnir hafi samband við Unnstein Júlíusson, s. 860 7748, eða Ásgeir Böðvarsson, s. 860 7726.



Heilsugæslulæknar, Akranes

Lausar eru til umsóknar tvær stöður heilsugæslulækna við heilsugæslusvið SHA. Við leitum að framtíðarfólki til að styrkja enn frekar gott starf í heilsugæslunni og bjóðum prýðilegt starfsumhverfi og ágæt starfskjör. Ennfremur er í boði húsnæði á kostakjörum. Um er að ræða fullt starf í báðum tilvikum eðs skv. samkomulagi. Umsóknum ber að skila á þar til gerðu eyðublaði, sem fæst á skrifstofu landlæknis og á heimasíðu embættisins. Mikilvægt er að fylgi staðfest afrit af starfsvottorðum, vottorðum um próf og nám, leyfisveitingum og vísindaritgerðum. Upplýsingar gefa Reynir Þorsteinsson yfirlæknir og Þórir Bergmundsson lækningaforstjóri í síma 430 6000. Umsókn sendist Guðjóni S. Brjánssyni, framkvæmdastjóra stofnunarinnar, Merkigerði 9, 300 Akranes. Umsóknarfrestur er til 25. maí nk.

Sérfræðingur í barnalækningum

Laus er til umsóknar hlutastaða barnalæknis við Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðina á Akranesi. Staðan er laus frá 1. maí n.k. eða samkvæmt nánara samkomulagi. Umsækjendur skulu hafa sérfræðiréttindi í barnalækningum. Nánari upplýsingar um starfið gefa Reynir Þorsteinsson yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar og Þórir Bergmundsson lækningaforstjóri SHA, sími 430 6000 og tölvupóstföng: reynir.thorsteinsson@sha.is og thorir.bergmundsson@sha.is. Umsóknir skulu sendar Guðjóni S. Brjánssyni framkvæmdastjóra, Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin, Merkigerði 9, 300 Akranes. Umsóknarfrestur er til 25. maí n.k.

Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi (SHA) skiptist í sjúkrasviði og heilsugæslusviði.

Á sjúkrasviði er starfrækt fjölgreinasjúkrahús með örugga vaktþjónustu allan sólarhringinn árið um kring. Sjúkrahúsið veitir almenna og á vissum sviðum sérhæfða sjúkrahúspjónustu á lyflækningadeild, handlækningadeild, kvennadeild, öldrunarlækningadeild og á vel búnum stoðdeildum þar sem höfuð áhersla er lögð á þjónustu við íbúa Vestur- og Suðvesturlands. Jafnframt er vaxandi áhersla lögð á þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Á heilsugæslusviði er veitt almenn heilsugæsluþjónusta fyrir íbúa í heilsugæsluumdæmi Akraness með forystuhlutverk varðandi almenna heilsuvernd og forvarnarstarf. SHA tekur þátt í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir. Starfsmenn stofnunarinnar eru um 240 talsins.